

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Dalvíkur.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og til upphitunar húsinu, enda séu hitagjafar (ofnar) þess nægilega stórir að mati veitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í desember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. jan. til 31. des., þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Óski notandi eftir breytingu á stillingu hemils, skal hann greiða fyrir breytta stillingu kr. 208,00 í hvert skipti.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot hitaveituvatnsins eru sem hér segir:

- a) Vatnsgjald um hemil kr. 206,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 10,40 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjöld fyrir vatnsnotkun um magnhemil miðast við hámarksstillingu hemils þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Magnskammtar skulu vera margfeldi af 0,5 úr mínútulítra þó ekki minni en 1,0 mínútulítri.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarks vatnspörf.

Pegar um afnot á hitaveitunni til annars en húshitunar er að ræða, sbr. 2. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 32,00
- b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" kr. 32,00
- c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri kr. 32,00

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða auka hemla ef þess er óskað.

6. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna). Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur $\frac{1}{30}$ af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 20% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, skv. mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrir notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið. Misnoti notandi kranavatn að dómi veitustjóra getur hann án fyrirvara lokað fyrir rennsli til viðkomandi. Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu skal hann greiða kr. 208,00.

7. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4., 5. og 6. gr. má krefja mánaðarlega.

Eigi skulu þau krafín sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafín sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr. er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

8. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 20 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

9. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli	kr. 20 800,00
og á m ³ þar yfir	kr. 26,10

Ef skipulagsskilmálar eru þess eðlis að bifreiðageymslur við raðhús skuli byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skuli gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hverrar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði	kr. 52,00
----------------------------------------	-----------

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamatís ríkisins. Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki. Þó skal ekki reikna heimædagjald af frystiklefum, búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitarfélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 6., 9. og 13. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1984, 155. stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 4. gr. og 5. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

11. gr.

Nú er tengingu heimæða lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 416,00 hverju sinni.

14. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur, og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 667 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 25. janúar 1984.

F. h. r.

Páll Flygering.

Guðrún Skúladóttir.